

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 15. júlí 2015 óverulega breytingu deiliskipulags hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, Austursvæði, Leynisvegur 6.

Óveruleg breyting deiliskipulags hafnar-, iðnaðar- og athafnasvæðis á Grundartanga, Austursvæði, Leynisvegur 6 felur í sér eftirfarandi:

Lóð er stækkuð úr 3.500 m² í 4.060 m² þannig að virk lóð sé 3.500 m².

Nýtingarhlutfall er hækkað úr N=0,4 í N=0,6.

Byggingarreitur er stækkaður um 5 m út að Leynisvegi og 13 m til NV.

Skilgreindur er byggingarreitur neðanjarðar í NV-horni fyrir jarðefnaeldsneytisgeymslu, síur og skiljur í tengslum við bensínafgreiðslu.

Skilgreindar eru tvær innkeyrslur á lóð.

Skipulagssvæðið er stækkað um 8 m til NV inn á opið svæði.

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 8. september 2015,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2015